



Spáum 9,2% verðbólgu í júlí

Við spáum því að vísitala neysluverðs hækki um 0,5% milli júní og júlí. Gangi spáin eftir fer ársverðbólga upp í 9,2%, en hún mældist 8,8% í júní. Við eigum von á að verðbólga fari hæst í 9,5% í ágúst áður en hún lækkar aftur.

Fjórir undirliðir munu hafa mest áhrif á verðbólgu núna samkvæmt spá okkar: matur og drykkjarvara, reiknuð húsaleiga, föt og skór og flugfargjöld til útlanda. Föt og skór munu hafa áhrif til lækkunar vegna sumarútsalna en hinir þrír liðir til hækkunar.

Við spáum því að verðbólga án húsnæðis hækki um 0,2% milli mánaða og að það mælist 6,7% ársverðbólga á þann mælikvarða.

Matarkarfan hækkar


Matarkarfan hækkaði minni milli mánaða í júní en við áttum von á. Það breytir því ekki að það eru miklar verðhækkanir erlendis sem munu að einhverju leyti skila sér hér hingað heim. Auk þess er mikill eftirspurnarþrýstingur hér á landi, meðal annars vegna vaxandi straums erlendra ferðamanna til landsins. Við eigum von á að matur og drykkjarvörur hækki um 0,7% milli mánaða í júlí.

Enn kraftur á fasteignamarkaði

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 3,0% milli mánaða í maí og vísitala markaðsverðs húsnæðis, sem Hagstofan notar við útreikning á reiknaðri húsaleigu, hækkaði um 3,2% í júní. Við gerum ráð fyrir að það fari að hægjast um á markaðinum. Áorðnar vaxtahækkanir gera það að verkum að fólk getur ekki tekið jafn há lán og áður miðað við sömu greiðslugetu. Samkvæmt nýjustu mánaðarskýrslu HMS hefur hlutfall íbúða sem seljast yfir ásettu verði dregist saman og meðalsölutími íbúða er að aukast. Það tekur samt tíma fyrir slíkar breytingar að koma fram í reiknaðri húsaleigu, meðal annars vegna þess að Hagstofan notar við þriggja mánaða hlaupandi

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	15,0%	0,7%	0,11%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,2%	0,00%
Föt og skór	3,5%	-8,0%	-0,28%
Húsn. án reikn. húsaleigu	10,2%	0,2%	0,02%
Reiknuð húsaleiga	19,5%	2,1%	0,40%
Húsgögn og heimilisb.	6,4%	-1,0%	-0,06%
Heilsa	3,7%	0,6%	0,02%
Ferðir og flutningar (annað)	4,0%	0,6%	0,02%
Kaup ökutækja	6,0%	0,7%	0,04%
Bensín og díselolía	4,1%	0,7%	0,03%
Flugfargjöld til útlanda	1,6%	8,3%	0,14%
Póstur og sími	1,6%	0,8%	0,01%
Tómst. og menning	9,3%	-0,1%	-0,01%
Menntun	0,7%	0,0%	0,00%
Hótel og veitingast.	4,9%	0,5%	0,03%
Aðrar vörur og þjónusta	6,9%	0,6%	0,04%
Alls	100,0%		0,51%

Reiknuð húsaleiga



Júlí til október 2022 er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Ísland, Hagfræðideild Landsbankans



meðaltal fasteignaverðs.¹ Alls eigum við von á að reiknuð húsaleiga hækki um 2,1% milli mánaða núna í júlí.

Sumarútsölur svipaðar og fyrir faraldur

Alla jafna eru það sumarútsölur á fötum og skóm sem hafa mest áhrif á verðbólguáætlunir í júlí. Á árunum 2010 til 2019 lækkuðu föt og skór iðulega um 10% milli mánaða í júlí. Á meðan heimsfaraldurinn reið yfir voru sumarútsölurnar nokkuð slakar, en föt og skór lækkuðu einungis um 3,6% í júlí 2020 og 5,6% í júlí 2021. Líkleg skýring var aukin verslun Íslendinga innanlands á meðan utanlandsferðir voru ekki í boði. Við teljum líklegt að útsölurnar núna verði nær því sem var fyrir faraldurinn, enda ferðalög Íslendinga til útlanda komin í samt lag. Við gerum ráð fyrir að föt og skór lækki um 8% milli mánaða. Þessi lækkun gengur síðan til baka í ágúst og september.

Flugfargjöld hækka í júlí

Það sem af er ári hefur verið á flugfargjöldum til útlanda fylgt verðinu frá 2019 mjög vel eftir. Við eigum von á að flugmiðinn til útlanda hækki miðað við 2019 frá og með júlí vegna hærri eldsneytiskostnaðar og aukinnar eftirspurnar. Við gerum ráð fyrir því að flugfargjöld til útlanda hækki um 8,3% milli mánaða í júlí.


Væntingar um meiri verðbólgu framundan

Við eigum ennþá von á að verðbólgnu nái hámarki í ágúst. Spá okkar til næstu mánaða gerir nú ráð fyrir 0,7% hækkun í ágúst. Gangi það eftir mun verðbólgnan fara hæst í 9,5% í ágúst áður en hún lækkar aftur.

Að lokum má geta þess að nýlega birti Seðlabankinn niðurstöður úr könnun á væntingum heimila og stærstu fyrirtækja til verðbólgu sem var framkvæmd í maí og júní. Miðgildi væntinga heimila til verðbólgu næstu mánuði hefur hækkað um 4 prósentustig á undanförunu ári og er núna 8%. Miðgildi væntinga stærstu fyrirtækja hefur hækkað um 2,5 prósentustig á síðustu 12 mánuðum og er núna 6%.


Þetta gefur ekki góð fyrirheit um hjöðnun verðbólgu, en væntingar fyrirtækja um háa verðbólgu geta

Sumarútsölur á fötum og skóm



Júlí 2022 er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Ísland, Hagfræðideild Landsbankans

Flugfargjöld til útlanda




Júlí til desember 2022 er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Ísland, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Fasteignaverð á landsvísi í apríl, maí og júní er notað í júlímælingunni á reiknaðri húsaleigu.



hæglega orðið sjálfuppfyllandi spádómur, þ.e. ef stjórnendur fyrirtækja eiga von á hækkandi verðlagi gætu viðbrögð þeirra einfaldlega verið að hækka eigin verð.

Verðbólguvæntingar fyrirtækja, heimila og markaðsaðila til eins árs



Miðað er við miðgildi svara
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.